

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefja þess.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar en tilkynntar bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1981, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21.5. 1964 hefur bæjarstjórn Keflavíkur á fundi sínum hinn 21.10. 1980 gert samþykkt um að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík:

1. flokkur: Þar sem eingöngu eru íbúðarskúrar á lóðum og hús hafa ekki verið byggð á.
5 eignir
 - a) Hringbraut 58.
 - b) Birkiteigur 19.
 - c) Birkiteigur 5.
 - d) Smáratún 20.
 - e) Faxabraut 32 b.
2. flokkur: Þar sem hús standa út í götustæðum og valda slysaættu á gatnamótum.
4 eignir
 - a) Kirkjuvegur 14.
 - b) Kirkjuvegur 15.
 - c) Kirkjuvegur 35.
 - d) Kirkjuvegur 36.
3. flokkur: Þar sem hús standa út í götustæðum.
10 eignir
 - e) Aðalgata 2.
 - f) Aðalgata 6.
 - g) Aðalgata 8.
 - h) Aðalgata 12.
 - i) Aðalgata 14.
 - j) Aðalgata 18.

- k) Kirkjuvegur 27.
- l) Kirkjuvegur 28.
- m) Kirkjuvegur 44.
- n) Kirkjuvegur 10.

4. flokkur: Þar sem eru verkstæðishús inni í byggingahverfum.

2 (5) eignir a) Suðurgata 26.

b) Vatnsnesvegur 29—31 (Sólvallagata 7 og Heiðarvegur 26).

5. flokkur: Óbyggðar lóðir í einkaeign.

1 (2) a) Birkiteigur 4 og 6 (áður Melstaður eign Jóns Brandssonar).

6. flokkur: Byggð hús á eignarlóðum innan landareignar Keflavíkurbæjar, þar sem æskilegt væri að bærinn eignaðist lóðirnar og gæfi út leigusamning.

49 eignir a) Tjarnargata 6.

b) Vallargata 4.

c) Vallargata 6, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 31.

d) Túngata 9 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 23.

e) Kirkjuvegur 1, 5, 17, 18, 28, 34, 36, 37, 40, 44.

f) Hafnargata 16, 18, 27 a.

g) Aðalgata 11, 16 a, 17.

h) Vesturgata 5, 11, 13, 14 a, 15.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. janúar s. l. staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Neskaupstað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Neskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.